



Áfanganúmer: STÆR2LT05b

Prep: 2

Einingar: 5

Forkröfur: STÆR2DN05 eða sambærilegir áfangar

Lýsandi heiti: Inngangur að tölfræði og líkindareikningi

Áfangalýsing:

Miðsækni og dreifing, staðalfrávik, talningarfræði, líkindafræði, normaldreifing, Z-stig, fylgni.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- tölfræðilegri framsetningu á gögnum með gröfum
- miðsækni, mælingu á dreifingu og staðalfrávik
- undirstöðureglum talningarfræðinnar
- undirstöðuatriðum líkindareiknings, óháðum og skilyrtum líkindum og tvíliðureglu
- úrtaksfræði
- normaldreifingu, helstu eiginleikum hennar og Z-stigi
- öryggismörkum og marktækni fyrir meðaltöl og prósentur
- tilgátuprófun
- fylgni

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að teikna gröf sem sýna tölfræðilega samantekt
- að reikna meðaltal, dreifisvið, meðalfrávik og staðalfrávik
- að beita reglum talningarfræðinnar
- að reikna skilyrt líkindi
- að beita tvíliðureglu
- að reikna út Z-stig, bera saman dreifingar hópa, reikna p-gildi og marktækni
- að túlka fylgnistuðul
- að beita tölfræði við úrvinnslu tölfræðilegra verkefna, t.d. skoðanakannana og skrifa skýrslu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk skilmerkilega
- sýna góð vinnubrögð í stærðfræði og nákvæmni í framsetningu
- útskýra skipulega aðferðir við lausnir margvíslegra verkefna með vísun í reglur
- öðlast aukið læsi á mál stærðfræðinnar

Mat á hæfniviðmiðum
• reglulegar skriflegar æfingar • nemendur leysa verkefni og útskýra þau fyrir samnemendum í rituðu og mæltu máli • frammistaða nemandans í tímum og vinnubrögð við heimanám • misserispróf